



Mánudaginn 2. júlí 2007 var fundur haldinn í fræðslunefnd Höfðahrepps kl. 16:00 á skrifstofu hreppsins.

Á fundinn voru mætt: Birna Sveinsdóttir, Aðalheiður Árnadóttir, Gígja Óskarsdóttir, Helga Ingimarsdóttir, Vigdís Ómarsdóttir, Þórunn Bernódusdóttir, Sesselja Guðmundsdóttir og Herdís Baldvinsdóttir

1. Sérkennsla á leikskólanum

Leikskólastjóri óskaði heimildar til að ráða í 50% starf við sérkennslu og lýsti nauðsyn þess að styðja sérstaklega við málþroska og máltöku barna. Áætlaður kostnaðarauki vegna starfshlutfallsins er 1,5 milljón króna. Leikskólastjóri taldi að með ráðningu í þetta starfshlutfall mætti jafnframt nýta viðkomandi starfsmann í afleysingar þannig að ekki yrði fyllilega um þennan kostnaðarauka að ræða.

Leikskólastjóri gerði grein fyrir athugun á hversu hátt starfshlutfall væri í nágrannabyggðarlögum til sérkennslu í leikskólum. Í þeirri athugun kom í ljós að á Akureyri er reiknað með að hlutfallslega þurfi um 1% starf á hvert leikskólabarn að meðatali. Nokkur fylgni virðist vera við þessa reglu í nágrannabyggðum.

Fræðslunefnd ræddi málið og samþykkti fyrir sitt leyti að ráðið yrði í umrætt starfshlutfall.

2. Útkoma úr könnun á dvalartímatilboðum leikskólans

Fyrir fundinum lá niðurstaða á könnun á dvalartíma sem gerð var meðal foreldra barna á leikskólaaldri og þeirra sem komast á leikskólaaldur á næsta skólaári. Svör við könnuninni voru þannig að alls bárust 9 svör við 38 útsendum bréfum. Í svörum kom fram að 6 óska ekki eftir breyttum dvalartíma en þrír óska eftir dvalartíma til kl. 17. Af þeim óska 2 eftir dvalartíma frá kl 8-17.

Fræðslunefnd ræddi niðurstöðurnar og kom fram að meirihluti fræðslunefndar taldi ekki forsendur til að taka upp 9 tíma vistun og tók undir sjónarmið leikskólastjóra hvað það varðaði. Hins vegar mat nefndin það svo að í ljósi könnunarinnar sé rétt að opna fyrir þann möguleika að bjóða dvalartíma til kl 17 ef amk. 4 umsóknir berast um slíka vistun.

Fræðslunefnd var sammála um að fella niður vistunartíma milli kl 16 og 17 ef börnum sem skráð eru í þá vist fækkar niður fyrir 3. Leikskólastjóri var falið að senda þeim foreldrum sem fengu könnunina niðurstöðurnar

3. 30 ára afmæli leikskólans

Þórunn þakkar kærlega fyrir góðar gjafir sem bárust leikskólanum á afmælisdaginn. Höfðahreppur gaf hálfsett af eingingarkubbum, foreldrafélagið stafræna myndavél, kvenfélagið Eining og Lionsklúbbur Skagastrandar peningagjafir og Vífilfell 300 Svala og Kappa.

4. Önnur mál.

Farið var yfir viðhald og framkvæmdir sumarsins.

Fleira ekki gert, fundi slitið.

Vigdís Ósk Ómarsdóttir
(sign)

Herdís Ósk Baldvinsdóttir
(sign)

Helga Ingimarsdóttir
(sign)

Birna Sveinsdóttir
(sign)

Þórunn Bernódusdóttir
(sign)

Gígja H. Óskarsdóttir
(sign)

Sesselja Guðmundsdóttir
(sign)

Aðalheiður Árnadóttir
(sign)



FRÆÐSLUNEFND HÖFÐAHREPPS
